

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni ráðuneytisins.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir ráðuneytið?

Um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er fjallað í forsetaúrskurði nr. 119/2018. Þar segir eftirfarandi:

8. gr. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins.
2. Samgöngur í lofti, á láði og legi.
3. Fjarskipti.
4. Sveitarstjórnarmál.
5. Byggðamál.
6. Skráningu einstaklinga, lögheimili og aðsetur, fasteignaskrá og fasteignamat.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna ráðuneytisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Í fjárlögum fyrir árið 2020 er heildarfjárheimild til aðalskrifstofu ráðuneytisins 699,0 millj. kr. að meðtalinni rekstrarfjárfestingu. Í fjárlögum er kostnaður ekki áætlaður niður á lögbundin verkefni. Ráðuneytið styðst ekki við verkþókkhald en gróflega má áætla að fjárheimild ráðuneytisins skiptist hlutfallslega niður á lögbundin verkefni eins og fram kemur í töflunni.

Skipulag, rekstur og starfsmannahald	12%
Samgöngur í lofti, á láði og legi	33%
Fjarskipti og póstmál	19%
Skráning einstaklinga, lögheimili og aðsetur, fasteignaskrá og fasteignamat	10%
Sveitarstjórnarmál, þ.m.t. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	19%
Byggðamál	7%